**Nd.** **451. Breytingartillögur** [93. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „einn maður tilnefndur af fjárveitinganefnd Alþingis til eins árs í senn og einn maður tilnefndur af ríkisstjórninni í heild til jafnlangs tíma“ komi: og tveir menn tilnefndir af fjárveitinganefnd Alþingis með hlutfallskosningu til eins árs í senn.
2. Við 4. gr. Síðasta mgr. greinarinnar orðist svo:

   Telji ráðherra eigi fært að fara að tillögunum, er hann eigi við þær bundinn, nema nefndin sé sammála um álit sitt, en skal þá senda fjárveitinganefnd Alþingis rökstudda greinargerð.